# ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR



*Forsíðumynd:*
*Eldland, 1981. Ull og hrosshár, 132 x 114*
*Front page:*
*Sea of Fire, 1981. Wool and horsehair, 132 x 114*

*Taurus, 1982. Ull og hrosshár, 146 x 135*
*Taurus, 1982. Wool and horsehair, 146 x 135*



# OFIN LISTAVERK ÁSGERÐAR BÚADÓTTUR

Á fyrstu áratugum þessarar aldar, og jafnvel fyrr, áttu sér stað athyglisverð hlutverkaskipti í íslenskum sjónlistum. Listiðnaðargreinum, svo sem tréskurði, alþýðlegri málmsmíð og vefnaði, sem fylgt höfðu íslensku þjóðlífi allt frá landnámsöld, var hljóðlega en ákveðið ýtt til hliðar af nýlega uppgötvaðri hefð evrópskra fagurlista: málverki og höggmyndum.

Síðan hefur það tekið hinar fornu greinar allt að hálfri öld að hasla sér nýjan völl í íslenskri menningu og vinna sér virðingarsæti við hlið og í jafnræði við fagurlistirnar. Tímabundin hnignun áhugans á handlistum stafaði ef til vill af því, að þær hefðir tengdust um of fortíðinni í vitund manna, og þá ekki síst harðræðistímanum á 17. og 18. öld, þegar við sjálft lá að íslensk menning liði undir lok. Málverkið og höggmyndin tengdust á hinn bóginn hugsjónum þjóðlegrar vakningar og hlutu brautargengi sitt í þeim ljóma. Því var það ekki fyrr en á fimmta áratugnum og öndverðum þeim sjötta sem listiðnaðargreinarnar fóru á ný að láta nokkuð til sín taka, og þá ekki síst fyrir örvun hins unga listaskóla, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, og fyrir áhrif leiðtoga hans og hins mikla skólamanns, Kurts Zier.



Sjálfur bjó Zier yfir listrænum hæfileikum og öruggri dómgreind á listmæti. Hugsjónir Bauhausmanna urðu honum leiðarsteinn í skipulagi skólans; hann kallaði til landsins erlenda kennara á hinum ýmsu sviðum listiðna og hvatti nemendur sína til þess að leita sér framhaldsnáms erlendis, jafnt á sviðum listiðna sem frjálslista. Á þeim tímum bjó Ísland enn að velmegun stríðsáranna, sem gerði ungu fólki ferðir og erlendar námsdvalir auðveldari en nokkurntíma hafði áður verið.

Þau ungu listamannsefni sem voru við nám erlendis urðu brátt vör við endurnýjaðan áhuga á listiðnaðargreinum fyrri alda. Alþjóðlegar sýningar á vefnaði og leirkerasmíð voru orðnar alltíðar þegar kom fram um 1950, og það var einmitt á einni slíkri, Alþjóðlegu list- og handiðnaðarsýningunni í München árið 1956, sem tiltrú Kurts Zier á íslenskri endurvakningu rættist. Ung listakona, Ásgerður Búadóttir, tók þátt í þeirri sýningu og hlaut gullverðlaun hennar fyrir tvo stílfærða myndvefnaði sem hún kallaði „Stúlka með fugl".

Ásgerður Búadóttir, fyrrum skóluð af ströngum kröfum Kurts Zier, hefur orðið til þess, fremur en nokkur annar vefari, að breyta allri ásýnd íslenskrar vefjarlistar. Verk hennar skipa sér á algerlega eðlilegan hátt við hlið málverka, höggmynda og annarra tjáningarforma „frjálsrar" listsköpunar í íslensku samfélagi. Því marki hefur hún náð vegna hinnar nákvæmu og ströngu kröfu sem hún hefur sett sér, afneitunar hverskonar undansláttar og ákveðni í að virða að fullu hin sömu fagurfræðilegu lögmál og starfsfélagar hennar á sviði málverksins. Í verki sínu hefur hún orðið að aðhæfa slík listræn lögmál að efni og eðli þess sérstaka miðils sem hún hefur undir höndum: veflistarverkinu. Og jafnvel það hefði hrokkið skammt til, ef Ásgerður væri ekki gædd einstakri tilfinningu fyrir myndskipun, sem sameinar hið stórsniðna og sterkan, ljóðrænan þátt.

Nú má hiklaust kalla að Ásgerður Búadóttir standi í fremstu röð veflistarmanna á Norðurlöndum. Verk hennar njóta jafnt virðingar sérfróðra manna á því sviði sem gagnrýnenda, er kjöru hana „myndlistarmann ársins" 1982 í árlegu vali Dagblaðsins og Vísis. Á síðastliðnu ári voru henni veitt starfslaun Reykjavíkurborgar til listamanns, með árslaunum frá október 1983 til jafnlengdar þessa árs. Sýning sú sem hér er nú til efnt er að hluta til afrakstur þess tíma.

*„Þar sem eldurinn aldrei deyr", 1979.*
*Ull og hrosshár.*
*Í fundarsal Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Ofið fyrir Menningarsjóð Norðurlanda.*
*"Where the fire never dies", 1979. Wool and horsehair. Commissioned by the Nordic Cultural Fund for the Secretariat's Conference Hall in Copenhagen.*

Leið Ásgerðar að vefnaðinum átti sér fremur óvenjulegan aðdraganda. Hún stundaði myndlistarnám í Handíðaskólanum á árunum 1942 til 1946, þar sem hæfileikar hennar sem teiknara komu skýrt í ljós. Jafnvel eftir að hún hóf framhaldsnám við Konunglega akademíið í Kaupmannahöfn haustið 1946, hneigðist hún að svartlistinni fremur en málverki. Það var ekki fyrr en í námsferð um Frakkland haustið 1949 sem hún kynntist í raun samtímalegri vefjarlist, svo sem hún birtist í verkum Jean Lurcat og slíkra meistara. Áður en hún hélt aftur heim til Íslands að námslokum, hafði hún keypt sér lítinn vefstól. Nám hennar hafði allt verið á sviði myndlista, svo hún varð að bjargast af sjálfsdáðum á vefnaðarsviðinu, nema hvað hún sótti stutt námskeið í veftækni veturinn 1952-53. Það var enda mjög hikandi sem hún féllst á að félagið Íslenzk listiðn sendi frumverk hennar á alþjóðlegu sýninguna í München, — sem varð þó til þess að hefja verk hennar þegar til slíkrar viðurkenningar.

Enda þótt líklegt sé að gullverðlaunin í München hafi styrkt hana á þessari nýju braut, var um næstu ár öðru að sinna: fjölskyldu og börnum og efnalegri afkomu, og um tvo næstu vetur kenndi hún teikningu í sínum gamla skóla.
Því var það ekki fyrr en nærri áratugi síðar sem Ásgerður gat að fullu mótað persónulegan stíl í verkum sínum. Upp frá því hefur hún stigið skref af skrefi fram á við í list sinni og sífellt aukið á persónulega tjáningu í þessum miðli sínum.



Sé yfir litið, er það áberandi að hún byggir flest verk sín á sterkum andstæðum lóðréttra og vogréttra forma, og notfærir sér aðeins tvo eða þrjá meginliti. En innan þessa stranga kerfis tekst henni samt að gæða verk sín fíngerðum og oft óvæntum margbreytileik.

Slíkum áhrifum nær hún meðal annars með því, fyrst íslenskra veflistarmanna, að binda í vefinn óspunnið hrosshár, sem fær áhorfandann til þess að klæja í fingurna eftir því að fara um hann höndum. Þessi aðferð hennar þjónar því einnig, að skapa í verkunum sterka þrívíddarkennd, sem krefst mikils af skoðandanum, en skilar sér í þeim mun ríkulegri lifun. Slík tækni, og ekki síst þegar hún notfærir sér þá gömlu vefaðferð, tenninguna, verður þess valdandi, að verk hennar verða sjónförul, tindrandi fyrir augum á yfirborðinu, líkt og „op-listin" stefndi að. Slík verk sem hér er við átt, eiga sér ef til vill hvata í hinu mikla snertigildi og þrívíddaráhrifum austur-evrópskra veflistarverka, sem hún kynntist á tvíæringum veflistar í Lausanne á þeim árum.

Hugtökin „abstrakt" og „sýnilist" eiga í raun og veru ekki lengur við þegar um veflist Ásgerðar er að ræða. Séu verkin skoðuð í nálægð, búa þau yfir gagngerðri endurmyndun náttúrlegra frumforma, en á þann veg saman settum, að þau spenna sjónreynsluna til yztu endimarka hennar. Sé hinsvegar í heild skoðað, tengjast þessi form og áferð þeirra tjáningu heilstæðra náttúruáhrifa, breytilegu skaplyndi landsins, baráttu þjóðar við höfuðöflin — og upprunalegri fegurð.

Það er mjög athyglisvert um list Ásgerðar Búadóttur, að eftir því sem verk hennar eru einfaldari og umbúðalausari, því meiri er áhrifamáttur þeirra. Að geta tjáð svo mikið með jafn strangri afneitun ytri hjálparmeðala, hlytur að vera aðalsmark mikillar listar.

*Aðalsteinn Ingólfsson*

*Sfinx, 1984. Ull og Hrosshár, 202 x 137*
*Sphinx, 1984. Wool and horsehair, 202 x 137*



# STARFS-
# OG SÝNINGAFERILL

1942-46 Nám í Handíða- og myndlistaskólanum (nú MHÍ).

1946-49 Nám í málaradeild Vilhelms Lundström við Konunglega akademíið í Kaupmannahöfn.
Námsferðir til Hollands 1947 og til Frakklands 1949.

1950-52 Teiknikennsla á námskeiðum Handíða- og myndlistaskólans. Byrjar að vefa.

1956 Alþjóðlega list- og handverkssýningin í München í Þýskalandi. Gullverðlaun.

1957 9. Alþjóðlega list- og handverkssýningin í München.
Sýning Norræna listbandalagsins í Gautaborg.

1958 Sýning ásamt Benedikt Gunnarssyni málara í „Sýningarsalnum" við Hverfisgötu.

1959 Norræna sýningin „Formes Scandinaves" í Musée Arts Decoratifs í París.

1961 Barnabók hennar, Rauði hatturinn og krummi, myndskreytt með pappírsklippum, kemur út á forlagi Helgafells.

1962 Einkasýning að Karfavogi 22. Vinnur að röð veggmynda á útveggi félagsheimilisins Stapa í Ytri-Njarðvík á vegum Sigvalda Thordarsonar arkitekts.

1963 Ferðastyrkur úr ferðasjóði Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar. Kynnisferð til Flórens, Siena og Rómar.

1964 Einkasýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins.

1966 Fyrsta þátttaka í Haustsýningu FÍM, og nær árlega síðan.

1967 Einkasýning í Unuhúsi við Veghúsastíg.

1970 Sýning Bandalags íslenskra listamanna á Listahátíð í Reykjavík.
Vefur verkið Stormhörpuna handa Norræna húsinu í Reykjavík.

1972 „Nordisk Textil" í nýstofnuðu Galerie Plaisiren við Hässelby-höll, þar sem einum vefara frá hverju Norðurlanda er boðið til þátttöku.

1974 Norræn vefjarlist í Norræna húsinu í Reykjavík á Listahátíð í Reykjavík það ár.
Íslenzk myndlist í 1100 ár á Kjarvalsstöðum.
The First World Crafts Exhibition í Toronto, Kanada.

1975 Boðið að sýna með danska listamannahópnum Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.
Sýning í Listasafni Íslands í tilefni alþjóðlega kvennaársins.

1976 Valin á sýningu myndlistagargnrýnenda, Val 76, á Kjarvalsstöðum.
Dómnefndarfulltrúi af Íslands hálfu við Nordisk textiltriennale I.

1976-77 Nordisk textiltriennale I.

1978 Menningarsjóður Norðurlanda leitar til Ásgerðar um gerð myndvefnaðar í fundasal Menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.
Sýning Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.
Sýning Textílfélagsins í Norræna húsinu, Reykjavík.

1979 Á aðalfundi Menningarsjóðs Norðurlanda, 14. desember, er myndvefnaðurinn „Þar sem eldurinn aldrei deyr" formlega afhentur.

1979-80 Nordisk textiltriennale II.

1980 Sýning Textílfélagsins í Listasafni ASÍ.
Sýning Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.

1981 Yfirlitssýning eldri og yngri verka í Listasafni ASÍ.

1982 Nutida Nordisk Konst í Hässelby, Stokkhólmi.
Vefur verk fyrir Verzlunarbanka Íslands í Mosfellssveit.
Valin „Myndlistarmaður ársins" af dómnefnd Dagblaðsins & Vísis.

1982-84 Scandinavia to-day: The Scandinavian Touch og Scandinavian Modern Design, í New York og ýmsum borgum Bandaríkjanna.

1983 Páskar 1983. Kirkjulist á Kjarvalsstöðum.
Vefur verk fyrir Landsbanka Íslands, Breiðholti.

1983-84 Borealis, farsýning um Norðurlönd.
Starfslaun Reykjavíkurborgar til listamanns.

1984 Islandsk Farvespil í Nikolaj, sýningarsal Kaupmannahafnarborgar, ásamt Svavari Guðnasyni listmálara.
Sýning á Kjarvalsstöðum, nóvember 1984.

Ásgerður Búadóttir er meðlimur í Félagi íslenskra myndlistarmanna og Textílfélaginu.

## VERK Í OPINBERUM STOFNUNUM

Listasafn Íslands, Listasafn Háskóla Íslands, Norræna húsið, Reykjavík, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, Ríkisútvarpið, Reykjavík, Landsbanki Íslands, Langholti, Landsbanki Íslands, Breiðholti, Verzlunarbanki Íslands, Mosfellssveit, Norræni menningarmálasjóðurinn, Kaupmannahöfn, Röhsska listiðnaðarsafnið, Gautaborg, Norræni fjárfestingarbankinn í Helsinki, Textile Arts Foundation, Maine, USA., Menningarsjóður SÍS.

## HELSTU HEIMILDIR


Hjörleifur Sigurðsson: Inngangur að sýningarskrá, 1967.

Kurt Zier: Modern Icelandic Tapestry. The Works of Ásgerður Búadóttir. Iceland Review, vol. 7, 1969.

Nanna Hertoft: Kynning í sýningarskrá Koloristerne, 1975.

Guðbjörg Kristjánsdóttir: Íslensk list, Reykjavík 1981.

Hörður Ágústsson: Inngangur að sýningarskrá, 1981.

Björn Th. Björnsson: Íslensk vefjarlist, inngangur að litskyggnuröð Listasafns ASÍ, 1981.

Charles Talley: Contemporary Textile Art in Scandinavia, Fiberarts, nov./dec. 1982.

Hrafnhildur Schram: Fiber Art in Iceland, Fiberarts, nov./dec. 1982.

Charles S. Talley: Contemporary Textile Art. Scandinavia. Sweden 1982.

Koloristerne; 50 ára afmælissýning: „Brev til Eigil". (Á.B.)

Halldór B. Runólfsson: Sjónvarpsdagskrá: Íslenskir myndlistarmenn, Ásgerður Búadóttir, 1982.

Guðbjörg Kristjánsdóttir: Ásgerður Búadóttir, Norsk-Islandsk Samband, 1982.

Marian C. Donnelly, Professor Emeritus of Art History, University of Oregon: The Scandinavian Touch, USA 1982-1983.

David Mc Fadden: Scandinavian Modern Design 1880-1980, New York 1982.

Joanne Mattera: Fiberarts, jan./febr. 1983.

Sune Nordgren: Borealis, Helsinki 1983.

Aðalsteinn Ingólfsson: The Woven Art of Ásgerdur Búadóttir, IcelandReview 1982 & Atlantica, Summer /autumn, 1982.

R. Dahlmann Olsen: Islandsk Farvespil, inngangur að sýningarskrá í Nikolaj, Kaupmannahöfn, 1984.

4. litskyggnuröð Listasafns ASÍ, 1984.


*Grein Aðalsteins Ingólfssonar er skrifuð á ensku.*
*Björn Th. Björnsson íslenskaði.*

*Vonin, 1981. Ull og hrosshár, 138 x 124*
*Hope, 1981. Wool and horsehair, 138 x 124*



# ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR MYNDVEFNAÐUR

## KJARVALSSTAÐIR NÓVEMBER 1984

**Sýnd verk:**

1. Sjö lífsfletir, 1981. Ull og hrosshár, 186 × 136.
   Eig.: Listasafn Háskóla Íslands.
2. Eldland, 1981. Ull og hrosshár, 132 × 114.
3. Vonin, 1981. Ull og hrosshár, 138 × 124.
4. Bláin, 1981. Ull og hrosshár, indigólitur, 134 × 115.
   Einkaeign.
5. Tenning með tilbrigði I, 1981, 62 × 58.
6. Tenning með tilbrigði III, 1981, 65 × 55.
7. Orion, 1981. Ull og hrosshár, 134 × 117.
   Eig.: Textile Arts Foundation, Maine, USA.
8. Taurus, 1982. Ull og hrosshár, 146 × 135.
9. Libra, 1982. Ull og hrosshár, 138 × 122.
10. Elektra, 1983. Ull og hrosshár, 128 × 118.
11. Vulkan, 1983. Ull og hrosshár, 154 × 140.
12. Jörð, 1983. Ull og hrosshár, 145 × 125.
13. Eldland II, 1984. Ull og hrosshár, 140 × 131 + 90 × 95.
14. Sfinx, 1984. Ull og hrosshár, 202 × 137.
15. Dögun, 1984. Ull og hrosshár, 2 × 185 × 100.
16. Í klakaböndum II, 1984. Ull og hrosshár, 120 × 100.

# THE WOVEN ART OF ÁSGERDUR BÚADÓTTIR

During the first decades of this century, perhaps even earlier, a curious reversal of roles took place in Icelandic visual expression. Crafts such as woodcarving, metalwork and weaving, which had been with Icelandic society since its beginning in the 9th century, were quietly but firmly pushed into the background by the newly-discovered European traditions of fine art: painting and sculpture.



It has taken the crafts almost half a century to reassert their importance within Icelandic culture, to achieve a position of respect on a level with that of the fine arts. Interest in handicrafts declined temporarily perhaps because these traditional occupations were too closely associated with the past, especially the misery and hardships of the 17th and 18th centuries when Icelandic culture was nearly extinguished. The fine arts, on the other hand, made their entrance into the Icelandic national consciousness at the same time as the ideas of independence and nationhood, which must have enhanced their attraction.

The fact remains that it wasn't until the late forties and early fifties that Iclandic crafts experienced something of a resurrection, not least through the newly established Icelandic College of Arts and Crafts and its dynamic director-pedagogue, Kurt Zier. A talented artist and critic himself, Zier used the principles of the Bauhaus group as guidelines, imported foreign teachers in all kinds of design and encouraged his pupils to continue their studies abroad in crafts as well as art. By that time, Iceland was in the midst of a post-war boom, which made communication and foreign travel easier that it had ever been before.

Young Icelandic artists studying abroad soon bacame aware of a new interest in the traditional crafts. International exhibitions of weaving and pottery were frequent in the fifties, and it was at one such event, the International Crafts Exhibition in Munich in 1956, that Kurt Zier's confidence in the Icelandic crafts tradition paid off. A young weaver, Ásgerdur Búadóttir, was awarded the exhibition's gold medal for her contribution, a set of semi-figurative tapestries called "Girl with a Bird."

Ásgerdur Búadóttir, a product of Zier's artistic régime, has done more than any other weaver to change the face of Icelandic textile arts. Her work takes its place quite naturally next to painting, sculpture and other manifestations of "free" creative activity in Iceland.

This accomplishment is due to the exacting standards she sets herself, her refusal to compromise and her determination to respect the same aesthetic principles as her colleagues in painting. In the process she has made those aesthetics fit the different requirements of the woven art object. And yet this wouldn't be enough, if Ásgerdur Búadóttir weren't endowed with an exceptional feeling for compositional values that combine the monumental with the lyrical to a high degree.

It is now safe to say that she occupies a place among Scandinavia's foremost textile artists. Her work is received with respect by textile specialists as well as art critics, who recently voted her "artist of the year" for 1982, in the annual Dagbladid & Vísir newspaper awards in Iceland. Last year the township of Reykjavík granted her its Artist's stipend, with monthly salary during 1983 to 1984.

Ásgerdur Búadóttir came to weaving at a rather unusual way. She studied at the Icelandic College of Art and Crafts from 1942 to 1946, where she distinguished herself at drawing. Even after she entered the Royal Academy of Art in Copenhagen, she was more inter-

*„Sól ræður sumri", 1982. Ull og hrosshár.*
*Í Landsbanka Íslands, Breiðholti.*
*"Sun rules in Summer", 1982. Wool and horsehair.*
*The National Bank of Iceland, Breiðholt, Reykjavík.*

ested in the graphic arts than in painting. It wasn't until 1949, on a trip through France, that she came into contact with modern tapestries, exemplified in the work of masters such as Jean Lurcat. By the time she went back to Iceland with her family, she had bought a small weaving loom. In 1952 Ásgerdur Búadóttir began to use her loom, attending a short course in weaving, and more or less teaching herself the rest. She was hesitant to send her small tapestries to Munich in 1956 – the exhibition at which she first received international recognition.
Although the Munich gold medal proved to be a great boost to her ambitions as a weaver, other things had to take precedence for a while: her family, house-building, economic survival, and for two years she taught drawing at her old school in Reykjavík. It wasn't until the sixties that Ásgerdur Búadóttir was able to put the final touches to a fully personal style. Since then she has gone from strength to strength, constantly widening her terms of reference.

Generally speaking, she builds up her tapestries by a combination of emphatic verticals and horizontals, using only two or three colours; but within this potentially severe framework, she manages to include subtle and often unexpected variations.
Striking effects are achieved by including clusters or patterns of horsehair, which make the viewer's fingers itch to touch the tapestries. This device also serves to bring the hangings into the third dimension, which is harder on the viewer, but also more rewarding. It also contributes to an effect, most often associated with Op Art – that of a shimmering or vibration of the surface. These tapestries, which have their beginnings in 1967, probably reflect Ásgerdur Búadóttir's interest in the highly tactile and sculptural aspects of the works of the Eastern European weavers she had seen at Lausanne around that time.
The terms "abstract" or "figurative" really cease to function when applied to her tapestries. Observed closely, they present thoroughly stylized formal elements, skillfully orchestrated so as to create maximum visual tension. But at a distance, these elements come together to tell us something about different moods, about the rugged Icelandic landscape, about man's struggle with the elements – and about elementary beauty. There's nothing abstract about those sensations.
Interestingly enough, the simpler and more direct Ásgerdur Búadóttir's tapestries are, the greater their appeal. To be able to suggest so much with such an absence of artifice, is surely the sign of a major artist.

*Aðalsteinn Ingólfsson*
*Art Historian*

# EXHIBITIONS AND PERSONAL DATA

1942-46 Studies at the Icelandic College of Art and Crafts.

1946-49 Advanced studies at the Royal Academy in Copenhagen.
Study-trips to Holland in 1947 and to France in 1949

1950-52 Teaches drawing at the Icelandic College of Art and Crafts. Starts weaving.

1956 8th International Crafts Exhibition in Munich. Awarded the gold medal.
Exhibition of the Nordic Artists Federation in Gothenburg, Sweden.

1958 Exhibition in Reykjavík, together with the painter Benedikt Gunnarsson.

1959 The Nordic exhibition Formes Scandinaves at the Musée Arts Decoratifs in Paris.

1961 Her book for children, The Red Hat and the Raven, illustrated with collages, is published in Reykjavík.

1962 One-man exhibition in her studio at Karfavogur, Reykjavík.
Designs mural-decorations in painted concrete for the external walls of the Cultural center Stapi in Njardvík.

1963 Receives a travelling-scholarship from the fund of Barbara and Magnús Á. Árnason. Stays in Florence, Siena and Rome.

1964 One-man exhibition of tapestries in the National Museum's building, Reykjavík.

1966 First participation in the yearly exhibition of the Association of Icelandic Artists, and almost yearly since.

1967 One-man exhibition at the Gallery Unuhús, Reykjavík.

1970 Exhibition of the First Arts Festival in Reykjavík.
Commission for the tapestry "The Storm Harp", intended for the newly-build Nordic House in Reykjavík.

1972 Nordic Textiles at Hässelby, Stockholm, with one artist from each nordic country.

1974 Nordic textiles, at the 3rd International Arts Festival in Reykjavík.
Icelandic Art through 1100 years, at Kjarvalsstadir, Reykjavík.
First World Crafts Exhibition, Toronto, Canada.

1975 Guest of the danish artist-group Koloristerne in Copenhagen.
Exhibition at the National Gallery of Iceland, in connection with the International Women's Year.

1976 Chosen for the first Art Critic's selection, "Selection 76", at Kjarvalsstadir, Reykjavík.
Jury-member for the first Nordic textile exhibition, Nordisk textiltriennale I.

1976-77 Travel-exhibition of Nordisk textiltriennale I through all the nordic countries.

1978 Commission from the Nordic Cultural Fund for a tapestry in the Secretariat's conference room in Copenhagen.
Exhibits with Koloristerne in Copenhagen.
Textile Guild's Exhibition in the Nordic House in Reykjavík.

1979 The tapestry for the Nordic Cultural Fund completed and hung at the Secretariat's Conference hall at Snaregade, Copenhagen.

1979-80 Nordisk textiletriennale II.

1980 Exhibits with Koloristerne in Copenhagen.
Exhibits as guest of honour with the Icelandic Association of Artists in Reykjavík.

1981 Retrospective exhibition in the Museum of the Icelandic Trade Unions in Reykjavík.

1982 Modern Nordic Art at Hässelby, Stockholm.

1982-84 Scandinavia to-day: The Scandinavian Touch and Scandinavian Modern Design, New York and other major cities in the USA.

1983-84 Borealis, travelling exhibition through the nordic countries.
Awarded the yearly artist-stipend of the township of Reykjavík.

Vulkan, 1983. Ull og hrosshár, 158 x 140
Vulkan, 1983. Wool and horsehair, 158 x 140



1983 Exhibition of Church-art at Kjarvalsstadir, Reykjavík.

1984 Islandsk Farvespil, exhibition in „Nikolaj" at the invitation of the township of Copenhagen, together with the painter Svavar Gudnason.

Exhibition at Kjarvalsstadir, Reykjavík, november 1984.

Ásgerdur Búadóttir is a member of the Association of Icelandic artists and the Textile Guild.

## WORKS IN PUBLIC COLLECTIONS

The National Gallery of Iceland, The University Art Collection, Reykjavík, The Reykjavík Music Conservatorium, The Reykjavík Health Center, The Nordic House, Reykjavík, The Icelandic State Radio, The National Bank of Iceland, Langholt, Reykjavík, The National Bank of Iceland, Breidholt Reykjavík, The Commercial Bank of Iceland, Mosfellssveit, The Nordic Cultural Fund's Secretariat, Copenhagen, The Röhsska Museum, Gothenburg, The Nordic Investment Bank, Helsinki, Textile Arts Foundation, Maine, USA., The Cultural Fund of the Icelandic Cooperative Societies.

## BIBLIOGRAPHY

Hjörleifur Sigurðsson: Introduction to the exhibition-catalogue in 1967.
Kurt Zier: Modern Icelandic Tapestry. The Works of Ásgerður Búadóttir, Icelandic Review, vol. 7, 1969.
Nanna Hertoft: Introduction in the catalogue of Koloristerne, Copenhagen 1975.
Guðbjörg Kristjánsdóttir, Art Historian: Íslensk list (Icelandic Art), Reykjavík, 1981.
Hörður Ágústsson: Introduction to the exhibition-catalogue in 1981.
Björn Th. Björnsson, Art Historian: Íslensk vefjarlist (Icelandic Textile Art). Introduction to the Slides Series, published by the Museum of the Icelandic Trade Unions, 1981.
Charles Talley: Contemporary Textile Art in Scandinavia, Fiberarts, nov./dec., 1982.
Hrafnhildur Schram, Art Historian: Fiber Art in Iceland, Fiberarts, nov./dec., 1982.
Charles S. Talley: Contemporary Textile Art. Scandinavia. Sweden, 1982.
Koloristerne: 50 years Jubileum's Exhibition: "A letter to Eigil". (Á.B.)
Halldór B. Runólfsson, Art Historian: Icelandic Artists, Ásgerður Búadóttir. A television programme, 1982.
Guðbjörg Kristjánsdóttir: Ásgerður Búadóttir. Norsk-Islandsk Samband, Oslo, 1982..
Marian C. Donnelly, Professor Emeritus of Art History, University of Oregon: The Scandinavian Touch. USA, 1982-1983.
David Mc Fadden: Scandinavian Modern Design 1880-1980, New York, 1982.
Joanne Mattera: Fiberarts, jan./febr., 1983.
Sune Nordgren: Borealis. Introduction to the Nordic travel exhibition, 1983.
R. Dahlmann Olsen: Islandsk Farvespil (Icelandic colours). Introduction to the exhibition, arranged by the township of Copenhagen (together with the painter Svavar Gudnason), Copenhagen 1984.
4th Slides Series of the Museum of ASÍ (Icelandic Trade Unions), Reykjavík 1984.

*Í klakaböndum, 1983. Ull og hrosshár, 122 x 100*
*Icebound, 1983. Wool and horsehair, 122 x 100*



*Heimilisfang:*
*Karfavogur 22*
*104 Reykjavík*
*sími: 91-34856*

*Address:*
*Karfavogur 22*
*104 Reykjavík, Iceland*
*phone: (1) 34856*